



Fornleifaskráning vegna náma 30a-b við Hólasandslínu 3

Inngangur

Að beiðni Eflu hf., fyrir hönd Landsnets, kannaði Fornleifafræðistofan hugsanlegar fornleifar á fyrirhuguðum námusvæðum náma nr. 30a og 30b í Reykdælahreppi skammt norðvestur af Kalmanstjörn í S-Þingeyjarsýslu vegna mats á umhverfisáhrifum Hólasandslínu 3. Er staðsetning hinna fyrirhuguðu náma sýnd á mynd 1.

Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem örnefnaskrár, Sýslu- og sóknarlýsingar og Jarðabók frá 1703. Heimildir skiluðu engum árangri.

Bæði svæðin voru könnuð á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 17. október síðastliðinn. Veður var gott á meðan á vettvangsvinnu stóð.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í meðfylgjandi fornleifaskrá og á loftmynd með staðsetningu fornleifa (mynd 1).


Skráningin

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningar-minjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annars staðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni könnunarsvæðisins.

Aðeins einar fornleifar fundust á vettvangi, en það var forn gata yfir heiðina. Hugsanlega er þetta selsstígur í átt að seli sem mun finnast nokkuð norðar á heiðinni. Götunni var ekki fylgt nema á kafla við hina fyrirhuguðu námu. Hún er í ágætu ástandi, en minja- og varðveislugildi hennar telst lágt. Ekki er talin þörf á frekari mótvægisaðgerðum, en sækja þarf um leyfi til að raska götunni og sæta þeim skilmálum sem Minjastofnun Íslands kann að setja.



Mynd 1. Staðsetning náma 30a og 30b norðvestanvert við Kalmanstjörn og fornleifa sem skráðar voru. (Loftmynd: Efla. Viðbætur: Efla/Fornleifafræðistofan).

Heimildir

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands.

Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gefin út af Hinu ísl. Fræðafjelagi í Kaupmannahöfn. Ellefta bindi. Þingeyjarsýsla. 2. útg. Reykjavík 1988.

Lög um menningarminjar. Nr. 80 29. júní 2012.

Sýslu- og sóknarlýsingar. Þingeyjarsýslur. Gott mál hf. Reykjavík 1994.

Örnefnaskrá. Máskot. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. Máskot 2. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Fylgirit

Fornleifaskrá: Reykdælahreppur Nr. 23:1.

Reykjavík, 11. Nóvember 2019.

Bjarni F. Einarsson.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
S-Þingeyjarsýsla	Reykdalehreppur			23
Landareign	Mí:Nr	Heiti	Undirnr.	
-			1	

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	17.10.2019	E 580498,1 N 575087,5	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Gata	Selstígur	Hól 19	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur
Landeyðing	Lítill	Ágætt	1550-1900
Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?
	Náma	Talsverð	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2
Lítið	3	Lítið	3
Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Í áberandi lægð norðan við Mávötn.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Gata.

Gatan sést skammt neðan við (austan) línuveginn og svo má fylgja henni eftir áberandi dæld í landinu góðan spöl þar til hún hverfur í rofið land. Gatan er allt að 1 m á breidd og 0,2 - 0,4 m djúp. Víða eru göturnar (paldrarnir) allt að sex að tölu. Göttunnar var ekki leitað út fyrir skoðunarsvæðið.

GPS punturinn er við austur enda göttunnar þar sem hún hvarf í blásið land.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

iPhone 6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim.